

SÁTTMÁLINN

SÁTTMÁLINN

Einþáttungur

byggður á samtali í viðtalsþætti á dagskrá Ríkisútvarpsins, sjónvarps, sem fluttur var 1. desember 2017.

Skrásetjari: Mouche I. Fatí.

Ekki gott að segja um réttindi eins og hér er í pottinn búið.

Hugsanlega eru einhver réttindi áskilin.

Útgefandi: **S** Starafugl 2017.

Teikningar, hönnun, umbrot: MIF & Starafugl.

SÁTTMÁLINN

Einþáttungur

Persónur

Gísli, lífsglaður og dagfarsprúður þáttastjórnandi

Bjarni, auðmaður og fjármálaráðherra úr valdamikilli
fjölskyldu

Katrín, bókmenntafræðingur af menningarheimili og
forsætisráðherra

Sigurður, bóndi, dýralæknir og ráðherra

Forspil

Bjarni, Sigurður og Katrín sitja í sófa við stofuborð. Til móts við sófann og þau situr Gísli í stól. Gísli er með gleraugu en annars klæddur í fánalitina: blátt, hvítt og rautt. Bjarni og Sigurður eru klæddir jakkafötum en Katrín samkvæmisklæðnaði. Fyrir framan hvert þeirra er vatnsglas. Þau eru í setti þáttarins Vikan.

Upphafsstef þáttarins leikur. Það er stutt, í föstum takti, átakalítið og segir að lífið gangi sinn vanagang.

Gísli stokkar lítinn bunka af A4 blöðum á borðinu á milli þeirra. Hin þrjú brosa. Upphafstefinu lýkur.

Gísli: Já, komið þið margblessuð og sæl og verið velkomin í þáttinn. Það er risaþáttur framundan enda stór dagur í dag. Það var verið að draga í riðla á HM, það var verið að tilnefna bækur, það var ný ríkisstjórn að taka við völdum og fá lykлавöldin í dag og það er fullveldisdagurinn og aðventan er að byrja um helgina. Semsagt mjög stórt og við ætlum meira

en að klukka öll þessi mál hérna í kvöld. Tökum aðventuna, við ætlum að taka jólalag í lok þáttarins. Valdimar ætlar að koma hérna með big bandið Samma, Samúels Jóns Samúelssonar, og þeir ætla að taka Last Christmas til þess að keyra þessi jól í gang. Eiður Smári Guðjohnssen, Yrsa Sigurðardóttir og Óskar Þór Axelsson ætla að koma og tala um fótbolta og bækur. En við ætlum að byrja á að tala við fólk vikunnar, sem var að verða ráðherrar í vikunni. Katrín Jakobsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Bjarni Benediktsson. Verið velkomin og til hamingju.

Katrín: Takk fyrir.

Sigurður: Takk. Takk, takk.

Gísli: Og takk fyrir að koma. Ég veit að ég er að draga ykkur úr fínu boði á Bessastöðum.

Katrín: (Hlær) Þú ert alltaf að draga mann úr boðum hérna.

Gísli: Dáldið, já.

Katrín: Þessi þáttur er á eitthvað slæmum tíma, sko.

Gísli: Ert þú kannski í of mörgum boðum?

Katrín: Ja, ég fer að velta því fyrir mér ...

Sigurður: Þetta er á föstudögum ...

Katrín: ... hvort þú sért að skipuleggja þetta út frá minni dagskrá, sjáðu til.

Sigurður: Þetta er alltaf á föstudögum, er það ekki?

Gísli: Þessi þáttur, jú. Eru þessi boð alltaf á föstudögum eða?

Katrín: Gætum við kannski, gætum við kannski haft þennan þátt á mánudögum framvegis?

Gísli: Við skulum skoða það. Hver er aftur menntamálaráðherra?

Katrín: Já, ég meina, er hægt að færa þetta til eitthvað hérna?

Gísli: Heyrðu, en við ætlum að tala aðeins um þessa, þessa ótrúlegu síðustu daga hjá ykkur, sem að hafa verið mjög erfiðir og skiluðu síðan þessum sáttmála hér.

Katrín: Þeir voru nú ekki svona erfiðir (*hlær*).

Gísli: Jæja, ókei, sjáum til. Ég ætla að spyrja ykkur aðeins út í þetta. En við ætlum að byrja á því að fá Atla til þess að rifja upp hvernig síðustu dagar hafa verið. Yfir til þín, Atli.

Nú leikur annað stef, fyrir innslagið Fréttir vikunnar.

Hvað persónurnar í settinu gera á meðan er ekki vitað.

Þáttur

Bjarni, Sigurður, Katrín og Gísli sitja enn á sínum stað.

Katrín hlær, Bjarni og Gísli brosa, Sigurður flissar.

Gísli: Ókei. Vel gert, Atli Fannar. En, bara, þetta með vanillúisinn. Ég meina, þetta er ekki, þetta er ekki ljót samlíking. Hverjum getur verið illa ...

Sigurður: Er þetta ekki besti ísinn?

Gísli: Er þetta ekki besti ísinn? Hverjum getur verið illa við vanillúís?

Katrín: Maður verður ekki leiður á vanillúís. Ég meina, hver vill hafa eitthvað pekan-pistasíu-jarðarberja-

Gísli: Kannski aðeins að prófa. Svo varð hann leiður á þessu.

Katrín: – hindberjabragð í fjögur ár? Skilurðu? Nei, takk.

Einu sinni, kannski. (*Tekur vatnssopa.*)

Gísli: Ekki fjögur ár, nei takk. Já.

Gísli: En var eitthvað þarna sem þið eruð ósátt við? Er þetta ekki, var þetta ekki nokkuð góð greining hjá þessum ágæta fréttaskýranda?

Bjarni: Ja, það er, það var létt yfir þessu, eins og þessu samstarfi. Og (*hlær*) jú, það er nú gaman að sjá hvernig fólk sér þetta, svona aðeins utan frá. Og þessi mynd var náttúrulega stórkostleg. Og krumlurnar á mér komu líka inn í myndina, þannig að þetta var svolítið. Þetta var hérna ...

Katrín horfir á hendur Sigurðar. Hennar eigin hendur hvíla í kjöltu hennar, í Merkel-stöðu.

Katrín: Þetta er eiginlega bara svakalegt.

Bjarni: ... furðulegt móment.

Sigurður: Sko ég ...

Gísli: Eigum við að sjá aðeins þessar hendur hérna?

Katrín: Þetta er bara alveg ro ... komdu hérna, Bjarni.

Sigurður: Ég hef tekið eftir því áður hvað Bjarni er með stóran ...

Katrín: Þetta er eitthvað ...

Gísli: Já, en málið er að það getur vel verið að sko, hérna, má ég fá, má ég fá, má ég fá súm hérna á þessar ... já, sjáið þið.

Bjarni, Sigurður og Katrín bera hendur sínar hverjar við aðra, opnum lófa, snúa höndunum upp og niður. Sigurður er með stafrænt tæki á úlnlið, ef til vill hjartsláttarmæli. Katrín er með giftingarhring.

Katrín: Þetta er rosalegt.

Gísli: Sko.

Katrín: En ég er reyndar með fremur litlar hendur.

Gísli: Þú ert með fremur litlar hendur. Bjarni er með risastórar. En þú ert með svo þykkar, Sigurður.

Sigurður: Já.

Gísli: Hvað er málið?

Sigurður: Þetta er alvöru.

Bjarni tekur í hönd Sigurðar og þeir flissa báðir.

Katrín: Þetta eru svona dýralæknahendur. Þetta eru dýralæknahendur.

Sigurður tekur nú með vinstri hönd utan um sína eigin hægri hönd, sem þau beina öll athygli að.

Sigurður: Ég ætla að segja, ég ætla bara að segja þér það að, hérna, þessu hefur verið tekið eftir fyrir. Þegar ég var í námi í Danmörku. Og í krufningarsalnum, og þarna, sem sagt, maður er að vinna þar. Ég var einu sinni að labba út bara í annað skipti, þá tók einn hérna, kallinn sem var að vinna þar ...

Sigurður sýnir á hönd Bjarna hvernig kallinn hafi tekið um úlnið hans, lyft höndinni og mænt á hana.

Sigurður: (Með þykkum, dönskum framburði) Du har arbejdet för.

Sigurður sleppir hönd Bjarna og snýr sér að Gísla.

Sigurður: Þú hefur unnið fyrir.

Gísl: Akkúrat. Takk fyrir að þýða þetta, svo það verði ekki ...

Sigurður hlær.

Katrín: Dönskukunnáttu landsmanna hefur hrakað þannig að það er mjög mikilvægt að segja þetta svona jafnóðum.

Gísl: Heyrðu, þetta er. Þetta er gott. E, segðu mér annað. E, það hefur verið, við höfum fengið fyrirspurnir, af því að Katrín kom hérna um daginn, meðan þið voruð að tala saman, og mundi eftir því að fara á Mandí en mundi ekki hvað þið tveir hefðuð fengið ykkur. Þannig að bara vegna fjölda áskorana: munið þið hvað þið fenguð ykkur?

Sigurður: O, já. Það var mjög einfalt. (Hefur hönd á loft) Vefja með (leggur áherslu með því að láta höndina falla) lambakjöti.

Gísl: Já, hún giskaði nú á það.

Katrín: (Horfir til himins) Já, ég giskaði á það.

Bjarni: Já, já, ég gerði það líka.

Sigurður: Ég elti Bjarna, sko. Ég elti Bjarna. Bjarni byrjaði.

Bjarni: En þetta heitir eitthvað.

Gísli: Sjavarma eða eitthvað ...

Katrín: (*Grettir sig*) Sjavarma.

Bjarni: (*Hönd undir kinn en óviss á svip*) Já, sjavarma ...

Gísli: Já.

Sigurður: Sjavarma. Sjavarma.

Gísli: Já.

Katrín: Ég fékk mér það líka.

Gísli: En sko ...

Katrín: Vandræðalegt. Þetta er greinilega það sem sameinar okkur.

Gísli: Er það? Fenguð þið ykkur öll það sama?

Sigurður: Já.

Katrín: Já.

Sigurður: Þetta var náttúrulega langbest, sko.

Katrín: Vá, hvað það er vandræðalegt.

Sigurður: Nei, þetta var mjög gott.

Gísli: En hérna, en sko. E, af því að þú segir þetta. Þetta er eitthvað sem sameinar okkur. Það er búið að vera alls konar fréttir af því að það, þið séuð svo ólík – ég meina: (*Gísli bendir á Katrínu, Bjarna og Sigurð í þeirri röð*) Reykvíkingur, Kraginn, e, landsbyggðin, e ... (*bendir aftur, nú í öfugri röð, á Sigurð, Bjarna og Katrínu*) Býr á bóndabæ, býr í einbýlishúsi, býr í blokkaríbúð. Og svona nokkrir hlutir sem er svona, sýnir að þið eruð ekki sama manneskjan. Sem að er

örugglega gott fyrir ríkisstjórn. En af hverju – hvernig
náið þið samt sem áður að ...?

Katrín: Þetta er eitthvað svo ótrúleg greining hérna.

*Katrín og Bjarni springa úr hlátri. Þau halda bæði á
glösum. Gísli hlær líka og Sigurður brosir í kampinn.*

Gísli: Já. En þetta er nú allt saman rétt.

Katrín: Þetta er allt svo rétt.

Gísli: Rannsóknarteymið fór yfir þetta.

Katrín: (Hlæjandi) Já.

Bjarni: (Líka hlæjandi) Já.

*Katrín og Bjarni taka sopa, síðan leggur Katrín glasið frá
sér, þá Bjarni.*

Gísli: En af hverju náið þið svona vel saman? Eða svona vel,
ég ætla að gefa mér það, af hverju, hvað er það sem
sameinar ykkur?

Sigurður: Nú kemur þögn (hlær).

Katrín: Þetta er allt á misskilningi byggt, Gísli. Ég held við
ættum aðeins að endurskoða þetta.

*Katrín og Bjarni hlæja. Þegar hlátrinum lýkur lítur Katrín
á Sigurð, sem lítur til baka. Bjarni situr hálfpartinn í
stillingu hugsuðarins, horfir í gaupnir sér, með hönd
undir kinn og yfir munnni.*

Katrín: Já, það er nú það.

Sigurður: Tja.

Pögn.

Katrín: Ja, við ...

Bjarni: Ég held ...

Sigurður: Okkur líkar ekkert mjög illa hvert við annað.

Gísli: Einmitt.

Bjarni: Það er góð byrjun.

Gísli: Já.

Sigurður mænist á Gísla.

Katrín: Við erum reyndar búin að þekkjast lengi. Þannig að ætli það megi ekki segja að við þekkjum kosti og galla hvers annars.

Gísli: Já.

Katrín: (Bendir fyrst á Bjarna, síðan Sigurð) Við erum auðvitað búin að vera saman á þingi í tíu ár, og við svona í átta ár, sko.

Gísli: Já.

Sigurður: (Til samþykkis) Mm.

Katrín: Þannig að þetta er orðinn talsverður tími.

Gísli: Já.

Sigurður: (Horfir til himins og réttir úr sér) Mm.

Katrín: Þannig að það er fátt sem kemur á óvart.

Gísli: Einmitt.

Bjarni: (Enn í stellingu hugsuðarins) Ég var að hugsa ...

Katrín: Soldið eins og vanilluísinn, skilurðu. Soldið þannig,
sko ...

Gíslí: Soldið, sko, já, akkúrat ...

Bjarni: (*Alvarlegur í bragði*) Ég hugsaði það í
ríkisstjórnarherberginu í morgun, þegar við vorum
á fyrsta ríkisstjórnarfundinum, að þá höfðu allir við
borðið setið í ríkisstjórn nema tveir. Áður.

Gíslí: Einmitt.

Bjarni: Þegar við Sigurður settum saman ríkisstjórn 2013, þá
hafði enginn setið í ríkisstjórn.

Gíslí: Einmitt.

Bjarni: Og ég held í alvöru að það skipti máli við þessar
aðstæður sem hafa skapast (*leggur áherslu með
framréttri hönd, á meðan Katrín skoðar hendur
sínar eins og eftir manikúr*) að koma með reynslu
inn í þessar aðstæður og við að mynda þennan
stjórnarsáttmála. Það kom aldrei, svo ég muni, upp
einhver, eitthvert öngstræti, eða einhver sú staða að
maður sá ekki fram úr því hvernig maður ætlaði að
halda áfram þessu samtali. Þegar við vorum að skrifa
þetta skjal.

Gíslí: Einmitt.

Katrín: Ég held reyndar að styrkleikinn sé einmitt að, þú
veist, að menningarheimarnir hér á milli eru mjög
ólíkir, sko. Sem er dálítið skemmtilegt, sko.

Katrín er með hönd á lofti, og Sigurður tekur að veifa sinni.

Sigurður: Já, ég ætla að vera þarna heimspekilegur í því, að það sem kannski sameinar okkur og gerir okkur svona, já bara, ágætt tím, er að við erum einmitt mjög ólík en við erum öll úr þessu sama Íslandi og við erum að tala um að gera eitthvað gott fyrir ...

Gísli: Já.

Sigurður: ... hinn venjulega Íslending.

Bjarni: Við erum mjög ólíkar skepnur. Þess vegna er gott að hafa dýralækni (*klappar Sigurði á öxl*).

Bjarni, Sigurður og Gísli hlæja. Í þetta sinn stekkur Katrínu ekki bros.

Katrín: Já. Það hafa komið svona móment þar sem maður hugsar bara: Vá, hvað þetta er skrítið fólk, skilurðu.

Katrín horfir á Gísla, bendir aftur fyrir sig á hina tvo og hlær. Gísli hlær líka. Bjarni tekur sopa.

Bjarni: Áttu við ...

Katrín: Það eru þessi móment, þar sem að maður bara: vá, hvað þetta er skrítið. Jesús minn eini. Hvað er ég að gera hérna?

Gísli: Einmitt.

Katrín: Þetta hérna, eitthvað.

Gísli: Ókei.

Katrín: Þú veist, það er dálítið skemmtilegt.

Gísli: Já, það er, hlýtur að vera það.

Katrín: En ég get ekki farið út í, ég verð bara að færa þér þetta í ævisöguna. (*Snýr sér að Bjarna og Sigurði*)
Eruð þið ekki örugglega að setja þetta inn í ykkar ...?

Bjarni og Sigurður draga seiminn.

Bjarni: Jú, jú ...

Sigurður: M ... joo ...

Bjarni: Með svona litla svarta bók (*sýnir smæð bókarinnar með höndunum*).

Gísli: Heyriði, sko, ég ætla ekki að fara mjög mikið ofan í sáttmálann ...

Katrín: Ekki djúpt oní hann, nei.

Gísli: Þið voruð í fínnum viðtölum í gær, bæði á Stöð 2 og hér, um þennan sáttmála, sem að ...

Bjarni: Þú mátt gera það okkar vegna, sko, við höfum nógan tíma.

Pau hlæja öll.

Katrín: Við getum bara aðeins ... á eftir.

Bjarni: Förum bara vel yfir þetta, Gísli.

Gísli: Því miður, Bjarni minn, tíminn er að hlaupa frá okkur.

Sigurður: Við getum tekið við nokkrum spurningum ...

Gísli: En, en sko, ég verð að spyrja um eitt (*réttir úr sér*).

Hér stendur, sem að er mjög ágætur fimmaur, sem að einhver hefur einhvern tímann skrifað inn ...

Sigurður: Fimmaur?

Gísli: Hér stendur semsagt: Eftir því sem fiskeldinu vex
fiskur um hrygg ...

Katrín: Finnst þér þetta ekki stórkostlegt?

Gísli: ... þarf að gera eitthvað.

Katrín: Finnst þér þetta ekki stórkostlegt? Veistu hver á
þetta?

Gísli: Þið eruð öll meðvituð um þetta!

*Til áherslu halda bæði Gísli og Katrín flötum lófum
útréttum, fingrunum beint fram, í átt hvort að öðru.*

Katrínar lófar snúa upp, Gísla niður.

Katrín: Viltu vita hver á þetta?

*Katrín beinir útréttum armi sínum aftur fyrir sig og
bendir á Bjarna.*

Katrín: Þetta er Bjarni, sem á þennan.

Bjarni: Svona, þetta var ...

Katrín: Svo ætlaði hann að dilíta og ég bara: nei, höldum
þessu inni.

Bjarni: Ég ætlaði aldrei að dilíta.

Katrín: Höldum þessu inni. Jú, þú varst ...

Bjarni: (*Bandar frá sér*) Það var einhver annar, það var
örugglega einhver annar.

Katrín: Það var kannski einhver annar. (*Leggur mikla
áherslu með höndum*) En ég sagði að minnsta kosti:
höldum þessu inni. Það var reynt ítrekað að taka þetta
út ...

Bjarni: Ég kunni virkilega að meta það, sko.

Katrín: ... fram á síðustu mínútu, þegar ...

Sigurður: Það var á síðustu mínútu, það var einhver yfirlesari
einhvers staðar ...

Gísli: Já.

Sigurður: ... sem hafði bara ekki húmor fyrir þessu.

Gísli: Nei.

Katrín: Og sagði: það á ekki að vera með svona grín.

Gísli: Fiskeldinu vex fiskur um hrygg.

Bjarni: (*Flissar*) Já.

Katrín: Og Sigurður Ingi stoppaði það, Sigurður Ingi stoppaði
það!

Gísli: Þetta er bara mjög fínn brandari.

Bjarni: Já, er það ekki?

Sigurður: Okk ...

Katrín: Hann er kannski ekki góður, en hann er ...

Bjarni: Bíddu?

Katrín: ... en hann er góður í samhenginu, kannski, í
stjórnarsáttmála.

Gísli: Já. Þegar maður er að lesa ...

Sigurður: Okkur fannst líka gott, sko, þegar þú ert búinn að
lesa dáldið langan kafla ...

Gísli: Já.

Sigurður: ... og kemur að þessum stað, þá hlýtur að koma
smá bros ...

Gísli: Já.

Sigurður: ... eða smá húmor eða.

Gísli: Já.

Bjarni: Ég setti meira að segja í upphaflega textann, svona innan sviga fyrir aftan þetta (*sýnir með fingrum eins og þeir leiki eftir lyklaborði*): eftir því sem fiskeldinu vex fiskur um hrygg (*myndar byssur með báðum vísifingrum*) – Bæng!

Gísli: Skrifaðirðu?

Bjarni: (*Hlær*) Já.

Katrín: Honum fannst þetta svo fyndið, sko. Og svo er það samt þannig að þegar þetta er afgreitt, sko ...

Bjarni: Það var tekið út, reyndar.

Katrín: ... þá er þetta lesið upp í heild sinni og það tekur 45 mínútur að lesa þetta upp.

Gísli: Já, akkúrat.

Katrín: Skilurðu.

Gísli: Já.

Sigurður: Ég var svona fimmtíu.

Katrín: Já, þú ert nú svona hæglæs.

Sigurður: Já, hæglæs, já.

Bjarni og Katrín flissa.

Katrín: En þegar það kemur að þessu, þá er það svo mikill léttir, skilurðu.

Gísli: Og var hlegið, til dæmis hjá Framsókn, þegar þú last þetta?

Sigurður: Ég stoppaði þarna og beið eftir að þau myndu hlæja og sagði gott!

Katrín: Hló einhver? Hló einhver?

Sigurður: Og ég segi – já já, það hló – og þá hugsaði ég:
frábært ...

Katrín: Hlógu þrír (*Katrín hlær*).

Sigurður: ... ég segi frábært, þetta var akkúrat tilgangurinn,
bara athuga hvort þið væruð vakandi. Svo hélt ég
áfram.

Katrín: Fólk flissaði nú vandræðalega hjá mér, svona.

Sigurður: Jaja, það hló.

Gísli: Ég tók eftir öðru hérna. Það stendur líka að það eigi
að auka áhrif barna í samfélaginu. En þar hugsaði
ég: bíddu nei, hér eru þau að skreyta sig með stolnum
fjöðrum af því að síðasta ríkisstjórn, hans Bjarna,
tók náttúrulega risaskref í þessa átt með því að gera
son þinn (*bendir á Katrínu*) að stjórnarformanni
Byggðastofnunar, Illuga Gunnarsson.

Katrín: Þetta var alveg ótrúlegt. Svo var hann bara settur af.
En hann ...

Sigurður: Samdægurs.

Katrín: Ja, mér finnst það ótrúlegt.

Gísli: Já, en núna hefði hann ekki verið settur af ...

Katrín: Nei.

Gísli: ... út af þessu ákvæði um ...

Katrín: Nei.

Gísli: ... að ...

Katrín: Nákvæmlega.

Gísli: ... auka áhrif barna í samfélaginu.

Katrín: Enda held ég að hann hefði bara gert mjög góða hluti
í þessari stjórn.

Gísli: Það hugsa ég.

Katrín: En ég vona að það sé mynd af honum á veggnum af stjórnarformönnum Bygðastofnunar.

Gísli hlær.

Sigurður: Þó þetta hafi ekki verið nema í nokkra klukkutíma.

Katrín: Ha, ég meina, þetta var.

Gísli: Já. E, en hérna, af því Atli Fannar nefnir þetta sláturkomment. Og svo tók ég eftir því að þú fékkst þér íslenskt neftóbak í nefið, eða Jón Gunnarsson ...

Sigurður: Já, það var í síðasta sinn.

Gísli: ... já, Jón Gunnarsson, þetta var svona soldil pressa þarna, hann næstum því svona búllíaði þig til þess að ...

Sigurður: Nei, þetta var fínt. Þetta var fínt, sko. Þetta er búið að vera erfiðir dagar ...

Gísli: Já.

Sigurður: ... og fínt að starta daginn – þó að ég mæli reyndar ekki með þessu ...

Gísli: Nei.

Sigurður: – þetta er óþverri.

Gísli: Já, þetta er óþverri. En ég er að, það er einhver íslenski kúrin, hérna, svífur yfir vötnum hérna. Slátur og íslenskt neftóbak. Hvað, hvað er að gerast hérna?

Katrín situr aftur með hendur í Merkel. Sigurður hálfopnar faðminn til áherslu.

Sigurður: Þú varst að tala um áðan hvað sameinaði okkur.

Gísli: Já. Er það þetta?

Katrín: Þetta er nú bara þannig, að maðurinn minn er búinn að vera með flensu þessa viku og hefur ekki getað fylgst með þessari ríkisstjórnarþátttöku.

Gísli: Vond tímasetning.

Katrín: Nei, og svo á fimmtudagsmorguninn hristi ég hann og sagði: er þér ekki að batna? Og hann sagði: nei, þú verður að fara í búð. Og ég sagði: ég er að verða forsætisráðherra og hann sagði: þú verður að fara í búð – fyrir börnin. Svo ég fer í búðina ...

Gísli: Á enginn að hugsa um börnin?

Katrín: (*Bendir vísifingri á Gísla*) ... og þá var ég búin að hitta þingflokk VG og þá –sá hópur er náttúrulega einstaklega sérstakur – þannig að ég segi við hann: hvað á ég að gefa barninu í mat? Og þá varð umræða, í tuttugu mínútur: hvað áttu að kaupa? Og á endanum var það Svandís Svavarsdóttir sem sagði: þú átt að kaupa slátur í Melabúðinni og grjónagraut í dollu. Svo ég náttúrulega fór og gerði það. Enda eru allar ákvarðanir hjá mér teknar af þingflokki ríkisins. Eins og við köllum þingflokk VG gjarnan.

Þögn sló á alla undir seinni hluta þessarar frásagnar. Nú flissar Katrín og Gísli hlær.

Sigurður: Og eftir svolitlar umræður ...

Katrín: Sem hefur skoðun á öllu (hlær).

Sigurður: Tók það bara tuttugu mínútur?

Katrín: Bara tuttugu mínútur. En allir tjáðu sig.

Sigurður: He he he.

Gíslí: En sko, hérna, að, mér finnst: það er raunverulega frekar létt yfir ykkur, sem er gaman að sjá. Og hérna, ég held að, ég held í alvöru, án þess að ég ætli að greina þjóðina algjörlega, þá vilji menn að það komi, hérna, ákveðinn, svona, stöðugleiki í stjórn málin og allt þetta. Án þess að ég fari með þá alla frasa. Hversu mikilvægt er fyrir svoleiðis að þið séuð ágætis vinir? Skiptir það engu máli? Eða skiptir það öllu máli?

Bjarni: Jú, ég held það skipti bara talsvert miklu máli. Auðvitað geta menn, og eiga, að gefa sér tíma til þess að slípa hluti saman, þegar menn eru svona að kynnast í fyrsta skipti. En ... en bara eins og í öllum mannlegum samskiptum, að menn eru alltaf að, að hérna ... að lesa í aðstæður. Og þegar maður þekkir fólk betur, þá veit maður, sko, hvað er framundan. Ef maður kemur með erfitt mál og svona. Það er – ég held þetta séu sömu lögmál og gilda í öðrum mannlegum samskiptum.

Gíslí: Og eruð þið í ...?

Sigurður: Skiptir miklu.

Gíslí: Já. (*Í bakgrunni heyrast jólabjöllur klingja.*) Skiptir miklu?

Sigurður: Skiptir miklu.

Gíslí: Eruð þið hérna, eruð þið að senda – þú veist, ég er búinn að vera í sms-sambandi við ykkur, þið eruð öll að vinna með alls konar, alls konar hérna ... (*apar með höndum sínum eftir notkun snjallsíma og sýnir smæð broskalla*) emojis eða hvað þeir heita ... e, hvað, e ...

Katrín: Svona litlar svipmyndir eins og við köllum það á íslensku.

Gísli: Já.

Katrín: Já.

Gísli: Bíddu, þetta er kallað eitthvað annað, ég man það (*smellir fingri*) bara ekki. Allavegana, svona tilfinningamyndir.

Katrín: Já.

Gísli: E, hérna. Er það, eruð, eruði ...

Katrín: (*Bendir á Sigurð*) Hann notar alltaf sama.

Gísli: Er það?

Sigurður: Já.

Katrín: Alltaf sama ...

Gísli: Er það geislabaugurinn?

Sigurður: Það er bara, það er bara þessi efsti. (*Apar eftir þumal á snjallsímaskjá.*)

Katrín: Alltaf sami.

Gísli: (*Hlær og bendir á hönd Sigurðar*) Þessir puttur hitta náttúrulega ...

Gísli og Katrín hlæja, Bjarni flissar, Sigurður brosir.

Sigurður: Sko, það er bara, er bara alveg tilviljun hvað kemur. Bara ýta þarna ...

Þau hlæja öll.

Katrín: Það kemur alltaf bara ... (*veifar höndum og hlær áfram*).

Sigurður: Gastu lesið textann?

Gísli: Það var mesta furða. Það var bara frekar rétt skrifað. En, en í þessum – eitt sem að veldur mér smá áhyggjum, semsagt, í þessum, í þessu samfélagslífi ykkar og samkvæmislífi, af því að svo getið þið heldur kannski ekki verið ...

Sigurður: Ætlaðu að fara að hafa áhyggjur af því núna?

Gísli: – Já, verið úti á meðal fólks endalaust, af því að þið eruð, það er verið að böggja ykkur og hvetja ykkur til þess að gera hitt og þetta. Þannig að þið þurfið að vera saman í matarboðum heima hjá hvert öðru. Katrín, þú ert eitthvað mesta ofnæmisbarn sem ég veit um, eða ofnæmis, hérna ... keis.

Katrín: Já, þakka þér fyrir (*hlær*).

Gísli: Og þú hefur sagt mér það í löngum sjónvarpsþætti þar sem við töluðum um það endalaust.

Katrín: Ertu að grínast?

Gísli: Niðri á höfn.

Katrín: Já, alveg rétt! Ég man ekki eftir þessu.

Gísli: Þú veist, þarna, niðri á höfn, til þess að vera ekki ...

Katrín: Já.

Gísli: Já.

Katrín: Já, einmitt.

Gísli: Ég er að hugsa (*bendir flötum lófa á Bjarna*). Hann, Bjarni, á hund ...

Katrín: Já.

Gísli: Sem heitir Bó.

Bjarni kinkar kalli.

Gísli: Getur ekki verið þar. (*Færir útrétta höndina og bendir á Sigurð*) Þessi maður er bara, býr á bóndabæ ...

Katrín: Mhm.

Gísli: ... með hund ...

Katrín: Mhm.

Gísli: ... sem flaðrar upp um ykkur, ég sá skelfingarsvipinn á þér þegar að ...

Katrín hlær.

Gísli: ... þið voruð bara ...

Katrín: Það var af því að hann byrjaði að borða trefilinn minn. Þetta var mjög eitthvað spes eitthvað, jæja ...

Gísli: Þýðir þetta að það dæmist á þig að halda matarboðin eða?

Katrín: Já, ég er í smá vanda samt með það, af því að einmitt, mér var bent á að þetta kynni að koma til og (*hlær*) við vorum að tala um, ef maður býður svona stórum mönnum í mat, þá þarf maður að hafa stóla sem brotna ekki undan þeim (*vegur salt með höndunum og skellihlær*).

Sigurður: Í alvöru?

Katrín: Þannig að, þannig að næst á dagskrá hjá mér er að vera með stólana mína svona (*í hláturskasti*), líma þá saman, (*alvarleg á ný*) þannig að það verður aðeins bið ...

Sigurður: Við sitjum bara á þessu svona japanskt, svona púðum.

Katrín: ... og svo er ykkur boðið. En þetta er bara þannig að allir stólar hjá mér eru yfirleitt þannig að einhver endar á gólfinu í matarboðum, skiljiði.

Gíslí: Þetta gengur ekki.

Katrín: Nei, þetta gengur ekki.

Gíslí: Ekki hjá forsætisráðherra.

Katrín: Nei, það er ekki. Eða allavega ekki fyrir svona fínt fólk, skilurðu.

Gíslí: Akkúrat, þú meinar svona þungt fólk.

Katrín: Þakka þér fyrir að orða þetta svona vel.

Sigurður: Ég er stórmóðgaður.

Gíslí: Heyrðu en ...

Sigurður: Stórmóðgaður.

Gíslí: – Já, en hérna, Bjarni, það var líka eitt. Af því að það var svo margt sem, þetta voru svo langar stjórnarmyndunarviðræður, það gerðist svo margt, það voru svo margar áhugaverðar fréttir sem maður getur tekið upp. (*Bendir vísifingri á Bjarna*) Þú sást vera að spila á píanó, spila Imagine.

Bjarni: (*Hlær við*) Ehjá.

Gíslí: Hvað, er kallinn búinn að vera að æfa sig, eða?

Bjarni: Nei, nei. Ég, ég tók nokkra píanótíma þegar ég var svona átta til tíu ára. Þangað til ég fór að spila á trommur og svo trompet og svo eitthvað fleira sem að ég entist aldrei neitt í. En (*strýkur sér um hökuna*) svo löngu, löngu seinna, þegar ég var orðinn fertugur, eitthvað svoleiðis, að þá, þá fór ég inn á YouTube og lærði nokkur lög. Og svo tók vinur minn upp á því að

fara að koma heim og, og ég kann eiginlega ekki neitt nema ...

Gísli: En þú varst að spila, hvað, Imagine er það ekki?

Bjarni: Jú.

Gísli: Það var gerður góður rómur að þessu ...

Bjarni: Ég, ég, ég, ég kemst fram úr því. Ég kemst fram úr því.

Gísli: Já. Einhver, ertu með önnur lög á prógramminu eða verður bara Imagine ... (*flissar*) partí ...

Bjarni: E, já, Let it be er þarna líka sko ...

Katrín: Nei, hættu nú alveg.

Bjarni: Já ...

Gísli: ... ha, einkennis, einkennislag þessara viðræðna?

Sigurður: Já, ég kann soldið líka á píanó (*apar eftir píanóleik með útréttum höndum*).

Gísli: En spilarðu á píanó í alvörunni?

Sigurður: Nei, lærði, þegar ég var, eins og Bjarni, ég var sendur í þetta í tvo vetur og, hjá sitt hvorum kennaranum, miklum virtúósum, og ... þeir voru jafn glaðir og ég þegar ég hætti. Báða veturna. En ég hef alltaf séð eftir því.

Katrín: Að hafa hætt.

Sigurður: Að hafa hætt.

Katrín: Já.

Gísli: (*Snýr sér að Katrínu*) Spilar þú á einhver hljóðfæri?

Katrín: Nei, ekki neitt.

Gísli: Nei, ekki neitt.

Katrín: Og ég syng ekki heldur.

Gísli: Nei. Nei, einmitt, ég geri það nú eiginlega ekki heldur.

En þú hins vegar gerir eitt. Þú veist allt um íslenskar glæpasögur.

Katrín: Já, mikið rétt.

Gísli: Og hérna á eftir erum við að fá Yrsu og Óskar Axelsson sem gerði mynd eftir bók Yrsu.

Katrín: Mhm.

Gísli: Þú ert, og síðan eitt í viðbót: hann er líka að leikstýra, hérna, Stelli Blómkvist.

Katrín: Einmitt.

Gísli: Og ég man eftir viðtali við þig fyrir mörgum árum, þar sem þú varst að skrifa BA og mastersritgerð um glæpasögur, og sagðir að næst væri að skrifa glæpasögu sem hétu Morðið í háskólanum.

Katrín: Já.

Gísli: Þú skrifaðir hana aldrei?

Katrín: Nei, ég hérna, byrjaði á henni. Ég hef aldrei gert neitt, þú veist, ég bara er búin að boða þetta, ég hef meira að segja fengið boð um útgáfu á þessari óskrifuðu glæpasögu en hún er bara ekki komin. En þú ert að segja Morðið í Stjórnarráðinu, það er búið að skrifa hana.

Gísli: Það er búið að skrifa Morðið í Stjórnarráðinu.

Katrín: Stella Blómkvist.

Gísli: Já.

Bjarni: En veistu, Gísli, hún verður rosa lengi að skrifa hana vegna þess að þegar hún er við lyklaborð þá er hún svona.

Bjarni pikkar tveimur útréttum vísifingrum í loftið, eins og á lykklaborð. Katrín tekur bakfall af hlátri, slær sér á lær. Bjarni og Sigurður hlæja líka.

Gísli: Nei?

Bjarni: Jú.

Gísli: Kanntu ekki fingrasetningu?

Bjarni: (Heldur áfram að pikka) Ég ætlaði ekki að trúa því. Hún er bara hér. Dukk, dukk. (Hlær og hættir svo að pikka.)

Katrín: Ég lærði aldrei fingrasetningu. En ég krafðist þess að vera á lykklaborðinu, af því að mér finnst svo óþægilegt að einhver annar stjórni, skilurðu.

Gísli: Já.

Sigurður: Svo vildirðu ekki leyfa mér, af því að þá kæmi bara út hvað sem er (apar eftir fingur á lykklaborði).

Pau hlæja öll.

Katrín: Kemur bara eitthvað, kemur bara einhver della, skilurðu. Þannig að ég krafðist þess að skrifa (hlær) og svo tók þetta allt rosalega – þú veist, fólk var að spyrja af hverju taka þessar viðræður svona langan tíma? Þá er það af því að ég v ... (apar eftir sjálfri sér pikkandi með tveimur vísifingrum).

Gísli: Einmitt, þú ert dálítið heppin að vera með ritara núna.

Katrín: Ja, ég meina, ég skrifa allt sjálf. Þannig að þetta er bara ... þetta tekur allt rosa langan tíma.

Gísli: Já já, akkúrat. Vel gert.

Katrín: Það er bara þannig.

Gísli: Bjarni, aðeins bara örstutt af því að ég veit að þú ert
hérna, alltaf ...

Bjarni: Með góða fingrasetningu.

Pau hlæja öll.

Gísli: Hvað ertu með annað í, hérna ... prófinu?

Bjarni: Já já, þetta var eitthvað hundrað og eitthvað slög.

Gísli: Nei, hérna, af því að ég veit að þú ert allt að því
fanatískur í fótbolta.

Bjarni: Í fótbolta? Já.

Gísli: Varstu að, fylgdistu með drættinum í dag?

Bjarni: Ah, ég reyndi (*nýr saman höndum, bendir svo
flötum lófum á Katrínu*) en Katrín hélt mér inni í
ríkisstjórnarherberginu –

Gísli: Já.

Bjarni: ... og ég samdi við kallana sem voru frammi, að
koma með miða bara alltaf inn, eftir því sem þetta
var að gerast (*leikur afhendingu miðanna eftir með
höndunum*). Og það skilaði sér. Og þetta er erfiður
riðill.

Gísli: Þetta er rosalegt.

Bjarni: (*Hefur tvo flata lófa á loft, alvarlegur í bragði*)

En, ég meina, sko, er ekki ágætt bara að vakna núna?
(*Bendir báðum vísifingrum*) Við erum að fara að
keppa við (*hendurnar ramma inn kassa*) bestu lið í
heimi.

Gísli: Já.

Bjarni: Þannig að það væri (*hlær við*), það var enginn
auðveldur riðill í boði, sko.

Gísli: Nei. Nei. Einmitt.

Sigurður: Ekki leiðinlegt að byrja á Messi, sko.

Gísli: Nákvæmlega, sko. Messi í Moskvu. Og ég er að fara að
fá næst hérna ...

Bjarni: Þvílík veisla.

Gísli: (*Otar vísifingri endurtekið niður að borðinu*) ... ég
er að fá næst hérna, þegar þið eruð farin og það kemur
nýtt fólk, þá er það maður sem að semsagt, spilaði með
Messi. En við ætlum að tala við Eið Smára og fleiri.
En þakka ykkur fyrir að koma. Og til hamingju með
þennan árangur ykkar. Og við, held ég, vonum öll að
ykkur gangi sem allra best.

Katrín: Takk fyrir.


Bjarni: Sömuleiðis.

Katrín: Kærar þakkir.

Sigurður opnar munninn og lokar honum aftur.

ENDIR.

13





„ÞETTA HEITIR AÐ VERA HIGH ON LIFE!“
KJ á DV.is



„LAUFLÉTT ... ALGJÖRLEGA SKÖRP“
GMB, RÚV